



### **Lóðir fyrir uppbyggingu lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara – tillaga um samkeppni**

Lagt er til að borgarráð samþykki að auglýsa eftir samstarfsaðilum og hugmyndir um þróun á völdum reitum í Reykjavík fyrir lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara.

Reitirnir þrír sem lagt er til að verði lagðir fram í verkefnið verða í Leirtjörn vestur, Ártúnshöfða og í Gufunesi. Fleiri gætu bæst við síðar.

Með lífsgæðakjarna er átt við húsnæðisuppbyggingu fyrir aldraða sem er með fjölbreytt framboð af þjónustu í nær umhverfinu. Gert er ráð fyrir lóð fyrir hjúkrunarheimili í Ártúnshöfða sem gæti tengst uppbyggingunni.

Skilmálar samkeppninnar verða lagðir fyrir borgarráð til endalegrar staðfestingar áður en kemur til auglýsingar.

#### **Greinargerð:**

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 er lagt til að borgarráð samþykki að bjóða byggingarrétt fyrir lífsgæðakjarna til sölu. Gert er ráð fyrir að lífsgæðakjarnar verði m.a. í Leirtjörn vestur, Ártúnshöfða og í Gufunesi. Uppbyggingin getur tengst fyrirhuguðum hjúkrunarheimilum, líkt og í Ártúnshöfða, eða ekki.

Landsamband eldri borgara hefur talað fyrir nýrri hugsun í nálgun við húsnæðiskosti eldra fólks, svo kallaða lífsgæðakjarna, þar sem lögð yrði áhersla á fjölbreytt búsetuform. Eignaríbúðir, búseturéttaríbúðir, leiguíbúðir og jafnvel hjúkrunaríbúðir eða hjúkrunarheimili í bland við annað íbúðahúsnæði fyrir aðra aldurshópa. Þannig væri hægt að tryggja áhugavert og aðlaðandi umhverfi, samveru og öryggi um leið og ólíkum þörfum er mætt. Segja má að ný uppbygging Sjómannaþingsráðs við Sléttuveg og Grundar í Mörkinni séu af þessum toga, ásamt kjarna Eirar í Grafarvogi.

Fyrirmyndir eru að lífsgæðakjörnum erlendis, meðal annars í Danmörku. Til að þroska þessar hugmyndir fyrir íslenskar aðstæður er lagt til að kalla eftir hugmyndum miðað við 3-4 staðsetningar í borgarlandinu þar sem áhugasamir aðilar settu fram hugmyndir um útfærslu og umfang. Gert er ráð fyrir að umhverfis- og skipulagssvið og velferðarsvið annist undirbúning samkeppninnar ásamt skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og öðrum sem kallaðir yrðu til samráðs.

Dagur B. Eggertsson  
*borgarstjóri*